



VINIR  
UNDIRDJÚPANNA


Þessi saga er  
skáldsaga. Það þýðir  
að hún gerðist ekki í  
raunveruleikanum.



Í djúpbláa hafinu var heimur fullur  
af ótrúlegum verum. Þar bjó  
skemmtilegur frútfiskur sem hét  
Nonni. Tignarlegur sjóhestur að nafni  
Starri og vingjarnleg sjóskjaldbaka  
sem hét Tobba.




Einn sólríkan dag syntu þau Nonni, Starri og Tobba saman nálægt kórallrifinu. Þau könnuðu hinn litríka neðansjávarheim og dáðust að fegurðinni sem fyrir augu bar.




Þegar þau syntu dýpra, hittu þau nýja vini  
eins og Sandy hinn ævintýrlega krabba,  
Perlu sem var glitrandi marglytta og Finn  
höfrunginn snjalla.





Saman léku þau sér í feluleik í þanginu og kóral klettunum. Þau léku sér við strauminn og eltu loftbólurnar sem tindruðu í sólarljósinu.



Eitt kyrrlátt kvöld, þegar tunglsljósið glitraði á yfirborði  
hafsins, söfnuðust þau saman í kringum glóandi neðansjávarhelli.  
Þau sögðu hvert öðru sögur af fyrri ævintýrum og hlógu dátt,  
þaikklát fyrir vináttuna.



Þau gátu alltaf reitt sig á  
hvert annað og leikið sér og  
skemmt sér saman og virt  
fyrir sér undur hafsins.

Vinirnir Nonni, Starri og Tobba vissu að traust vinátta gerði lífið í sjónum bæði öruggara og miklu skemmtilegra.





Sögmlok